

15. gr.

58

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningurinn skal endurskoðaður og úrskurðaður á sama hátt og hreppsreikningur.

28. jan.

16. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu eða öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—500 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

59

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

28. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður lætur af hendi eftir gildistöku þessara laga, skulu mynda sérstakan flokk, og skulu fyrir þann flokk gilda eftirfarandi innlausnarákvæði, sem koma í stað tilsvarandi ákvæða í 2. gr. laga um Kreppulánasjóð, nr. 78 frá 1933.

59
28. jan. Vextir af bréfum þessum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki og skulu innleyst á þann hátt, að árlega sé varið sömu fastri upphæð til samanlagðra vaxta- og innlausnargreiðslna, samkvæmt útdrætti, er notarius publicus í Reykjavík framkvæmir, þannig að öll bréfin séu innleyst á 40 árum.

2. gr.

Skuldabréf þau, sem Kreppulánasjóður hefir látið af hendi við gildistöku laga þessara, mynda sérflokk, og gilda fyrir hann ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 1933, um Kreppulánasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

60
28. jan.

L Ö G

um lán úr byggingarsjóði handa Byggingarfélagi Reykjavíkur,
samvinnuhlutafélag í liquidation.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Úr byggingarsjóði Reykjavíkur skal, svo fljótt sem fé er fyrir hendi í sjóðnum og stjórn byggingarsjóðs telur fært, veita lán til Byggingarfélags Reykjavíkur, samvinnuhlutafélags í liquidation, er samsvari að upphæð skuldum félagsins. Lánið veitist affallalaust, og ávaxtist það og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár. Lánið skal tryggt með veðrétti í húseignum félagsins, og þar að auki með ábyrgð